



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á minningarathöfn
í Eldheimum í Vestmannaeyjum
23. janúar 2023**

Forsætisráðherra,
forseti bæjarstjórnar, bæjarstjóri og bæjarstjórn,
ágætu Eyjamenn allir og aðrir góðir gestir.

Við minnumst hér og nú hrikalegra náttúruhamfara. Fyrir hálfri öld hófst eldgos í útjaðri byggðar á þessari fögru ey. Þannig ótíðindi höfðu aldrei áður dunið yfir hér á landi. Þó hefði getað farið mun verr. Vissulega varð gífurlegt tjón og einn maður lést nokkru eftir upphaf gossins, en umbrotin sjálf urðu engum að aldurtíla.

Í því liggur mikil blessun, guðs mildi. Svo vildi til að floti Eyjamanna var allur í höfn, lygnt var í veðri þótt um hávetur væri. En við skulum líka minnst þess að mannanna verk réðu miklu um það hvernig til tókst að bjarga því sem bjargað varð. Jarðeldurinn, sem blossaði upp um klukkan tvö að nóttu, kom öllum að óvörum. Jú, skjálftar höfðu skekið eyna kvöldið áður en þeir voru raktir annað. „Ég var alveg sannfærður um að þarna væri Katla að fara af stað,“ hugsaði Magnús H. Magnússon bæjarstjóri með sér og lagðist um síðir til hvílu – hálf tíma áður en sprungan opnaðist.

Margar sögur eigum við um fumlaus viðbrögð næstu stundir. Skammt undan vaknaði Vilborg Andrésdóttir við það að Ólafur Sigurvinsson, einn sona hennar, bankaði hraustlega á svefnherbergisdýrnar. Að baki honum sáust eldar loga. „Er að kvikna í Kirkjubæ?“ spurði Vilborg. „Nei, það er byrjað að gjósa,“ svaraði Óli og kvaðst ætla að vekja Ásgeir, yngri bróður sinn, knattspyrnukappann kunna sem þá var á átjándá ári. Í bók um farsælan feril hans lýsti móðir þeirra því hvernig hún brást við þeim boðskap:

Ekki vekja Ásgeir – hann er að fara í próf í fyrramálið, sagði ég. – Heldurðu virkilega að hann fari í próf í fyrramálið, mamma? sagði Óli. Síðan rauk hann upp á loft til að vekja Ásgeir og sagði um leið: – Við verðum að hafa hraðann á og fara. – Fara hvert? segi ég. – Niður á bryggju, það eiga allir að fara þangað.

Já, fumleysi og æðruleysi, það eru réttu orðin. Aðra heimild nefni ég frá svipuðum tíma, klukkan tuttugu mínútur yfir tvö. Þá barst skeyti frá lögreglunni í Vestmannaeyjum til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar: „Eldgos byrjað á Heimaey. Vinsamlegast láta Almanna- og Eyjafjallajökull vita.“ – Þið heyrðuð rétt: *Vinsamlegast láta Almanna- og Eyjafjallajökull vita.*

Og svo niður á bryggju, allir fari þangað. Satt er það, sem Kristján Eldjárn sagði í útvarpsávarpi þegar ekki var liðinn sólarhringur frá upphafi eldsumbrotanna: Þolgæði, þrek og góð skipulagning einkenndi „þessa stórkostlegustu mannflutninga sem um getur í sögu landsins“, eins og forseti komst að orði.

Á fastalandinu beið einhuga þjóð eftir löndum sínum. Fólk opnaði heimkynni sín, veitti skjól og hvers kyns atbeina. Við stóðum saman, eins og við getum gert og gerum svo vel þegar voða ber að höndum. „Það þarf minna en þessi ósköp,“ sagði forsetinn enn fremur í útvarpinu, „til að Íslendingar finni að þessi fámenna þjóð er líkust stórríkjum sem veit að það sem á einn er lagt, það er lagt á alla.“

Aðstoðin varaði áfram. Viðlagasjóðshús risu, karlar og konur fundu vinnu fjarri heimahögum, ungmenni héldu áfram námi í nýjum skólum. Við nutum líka aðstoðar erlendra þjóða, tækja og mannskaps Bandaríkjahers hér á landi og þótt þess þyrfti ekki með buðu breskir og þýskir togaramenn aðstoð við fólksflutninga – í miðju þorskastríði. Síðar var börnum úr Eyjum boðið til hressingardvalar í útlöndum. Allur slíkur vinarhugur var heldur betur þakkarverður.

Undir eldi og eimyrju sinnti einvalalið svo björgunarstörfum hér á Heimaey. Ösku og vikri var mokað af þökum og götum, reynt var að kæla hraun og koma böndum á flakkarann ferlega sem ógnaði höfninni, lífæð byggðarinnar. Blásið var á svartsýnisraddir sem hlutu að heyrast.

En auðvitað var við ramman reip að draga. Hundruð húsa urðu ægimætti náttúruaflanna að bráð. En það tókst að halda lífi og afli í þessari mikilvægu verstöð. Það tókst að draga afla á land og vinna hann í frystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum. Það er í raun ótrúlegt, það segir sitt um fólkið á þessum stað.

Síðan lauk gosinu. Því munum við fagna með virktum í sumar. Ekki gátu allir Eyjamenn flutt heim á ný en áfram er hér blómlegt mannlíf. Enn elst hér

upp afreksfólk í íþróttum, handboltakona ársins í fyrra og Eyjapeyjar gerðu það gott með landsliði okkar úti í Svíþjóð.

Nú í kvöld fáum við líka að njóta tóna og söngs listfengra Eyjakvenna – í þessu glæsilega sögusetri. Hér í Eldheimum segjum við þá sögu sem við þurfum að muna og þekkja – sögu af áfalli og skaða, átaki og endurreisn. Sögu af samstöðu og stillingu. Að sjálfsögðu var eyjan ekki söm eftir hinar miklu hremmingar og að sjálfsögðu var sitthvað sem gera hefði mátt ennþá betur eða öðruvísi í bráð og lengd en þá skulum við einmitt draga lærdóm af því.

Kæru vinir: Ég þakka sem fyrr þá gestrisni og góðvild sem ég hef notið á þessum slóðum og óska Eyjamönnum alls velfarnaðar. Vestmannaeyjar munu rísa, sagði Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra á sínum tíma. Það reyndust orð að sönnu. Þakka ykkur fyrir.